

Ársskýrsla Íþróttadeildar 2013



Íþróttadeild HRFÍ
Hundafimi.is

Skýrsla stjórnar 2013

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 6. Mars 2014

Stjórn:

Anna Birna Björnsdóttir – Formaður

Rúnar Tryggvason – Ritari

Monika Karlsdóttir – Gjaldkeri

Anna Hermannsdóttir – Meðstjórnandi

Silja Unnarsdóttir – Meðstjórnandi

Á starfsárinu voru stjórnarmál rædd og afgreidd í tölvusamskiptum.

Opnir tímar

Anna Björnsdóttir hefur séð um opnu tíma fyrir deildina og hafa þeir verið haldnir allt árið að undanskildu sumarfrí sem er frá miðjum júní til ágúst loka.

Breyting varð á æfingaraðstöðu okkar á árinu en í janúar 2013 fluttum við okkur yfir í reiðhöll Andvara. Ekki var hægt að halda áfram í húsnæði Gusts vegna breytingar á rekstri þar.

Námskeið.

Á árinu voru haldin 5 námskeið í hundafimi á vegum Íþróttadeildar í samvinnu við hundaskóla Hrfí. Anna Björnsdóttir var leiðbeinandi.

Einnig voru haldnir 2 kynningartímar á árinu

Mót

Haldin voru 3 mót á árinu. Ragnar Sigurjónsson var dómari á öllum mótum ársins og þökkum við honum og öllu starfsfólki mótanna kærlega fyrir samvinnuna á árinu.

Breyting var á keppnisfyrirkomulagi hjá okkur á árinu á mótum. Hófum við að skrá niður viðmiðunartíma brautar fyrir hvern stærðarflokk og keppt samkvæmt því kerfi sem getið er til í hundafimireglum Hrfí. Hefur það komið vel út og keppendur almennt ánægðir með útkomuna.

Monika Karlsdóttir hélt stutt ritaranámskeið í mars um þetta nýja fyrirkomulag fyrir væntanlega starfsmenn móta.

Fundir og viðburðir

Árshátíð deildarinnar var haldin 3. Maí.

Haldnir voru hundadagar í Garðheimum en íþróttadeild var á staðnum að kynna starfsemina. Haldinn var einn fulltrúaráðsfundur á árinu og Anna Hermannsdóttir mætti fyrir hönd Íþróttadeildar.

Stefnumótunarfundur Hrfí var haldinn í febrúar en fyrir hönd íþróttadeildar mættu María Hjaltadóttir og Berglind Reynisdóttir. Við þökkum þeim kærlega fyrir það.

Reglur deildarinnar

Reglur Íþróttadeildar hafa verið samþykktar af stjórn Hrfí en enn á eftir að fara örlítið yfir orðalag áður en reglur deildarinnar verða settar á heimasíðuna. Vonumst við til að þeirri vinnu ljúki fljótlega.

Styrktaraðilar Íþróttadeildar 2013

Lýsi hf
Ölgerðin ehf
Sláturfélag Suðurlands
Hundahreysti ehf
Harðfisksalan
Garðheimar
Töfra Ræktun

Styrktaraðilar þessa árs hafa gefið Íþróttadeild ýmsan varning til að deila út verðlaunum til keppenda á mótum deildarinnar eða sem gjafapoka á árshátíð Íþróttadeildar. Við þökkum þeim kærlega fyrir gjafmildina.

Stigahæstu hundar ársins 2013

AG1 – litlir

Anna Hermannsdóttir – Zaphira 10 stig

AG1 – meðalstórir

Anna Birna Björnsdóttir – Sunna Sól 20 stig

Steinunn Huld Atladóttir – Kolur 10 stig

AG1 – stórir

Stefanía Björgvinsdóttir – Díma 24 stig

Sandra Sjöfn Helgadóttir – Atlas 16 stig

Sigrún Guðmundsdóttir – Yrja 10 stig

Sandra Sjöfn Helgadóttir – Ronja 6 stig

AG2 – stórir

Berglind Reynisdóttir – Grímur 11 stig

Sandra Sjöfn Helgadóttir – Ronja 10 stig

AG3 – stórir

Berglind Reynisdóttir – Grímur 10 stig

JU1 – litlir

Anna Hermannsdóttir – Zaphira 10 stig

JU1 – meðalstórir

Steinunn Huld Atladóttir – Kolur 10 stig

JU1 - stórir

Stefanía Björgvinsdóttir – Díma 28 stig

Sandra Sjöfn Helgadóttir – Atlas 10 stig

Sigrún Guðmundsdóttir – Yrja 6 stig

JU2 – meðalstórir

Anna Birna Björnsdóttir – Sunna Sól 21 stig

JU2 – stórir

Berglind Reynisdóttir – Grímur 21 stig

Sandra Sjöfn Helgadóttir – Ronja 18 stig

Sandra Sjöfn Helgadóttir – Atlas 8 stig